

Áveitan

7. tbl. 5. árgangur. Júlí 2011

GÖNGUFERÐ

Nú er komið að því að farið verður í sumargönguferð Umf. Vöku. Stefnan er tekin á sunnudaginn 10. júlí og á að þrila upp við Esjuna um Laufskörð og upp á Hátind. Ekið verður inn Mosfellsdalinn og byrjað að ganga frá bílaplani við göngubrú yfir Skarðsá. Þetta er falleg hringgönguleið í erfiðari kantinum með fallegu útsýni yfir svæðið. Gangan er um 11 km með um 800 m hækkun. Tekur um 6 tíma. Mæting er upp í Þjórsárver stundvíslega kl. 9.00 og sameinað verður í bíla. Taka skal fram að hver og einn þarf að borga um 1000 kr í bensín til bílstjóra. Mikilvægt er að klæða sig vel eftir veðri og hafa með sér nesti. Allir eru velkomnir, óháð félagi! :) Þó er aldurstakmark fermingarárið. Þeir sem vilja koma með skulu láta Laufeyju vita í síma 661-1239 fyrir 8. júlí og einnig til að fá frekari upplýsingar. Vonumst til að sjá sem flesta!
Stjórn Umf. Vöku

Timburhólagrill

Hin árlega grillsamkoma Umf. Samhygðar í skórættarreitnum við Timburhóla verður haldin föstudagskvöldið 8. júlí. Grillið verður orðið snarkandi heitt ekki seinna en kl. 20:00. Allir velkomnir.
Umf. Samhygð



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Lokun skrifstofu

Skrifstofa Flóahrepps er lokuð á föstudögum frá kl. 13.00.

Skrifstofan verður einnig lokuð frá 11.-22. júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.

Samkomulag um dagdvöl

Sveitarfélögin Árborg og Flóahreppur hafa gert með sér samkomulag um nýtingu plássá í dagdvölum í Árblik og í Vinaminni á Selfossi. Dagdvölin er stuðningsúrræði fyrir aldraða einstaklinga og aðila með heilabilunareinkenni sem búa í heimahúsum.

Niðurstöður vatnsýnatöku

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók sýni af neysluvatni í Langholtshverfi í byrjun júní. Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitinu uppfyllti sýnið kröfur um neysluvatn.

Kjör oddvita og varaoddvita

Kosning um oddvita og varaoddvita Flóahrepps 2011-2012 fór fram á síðasta fundi sveitarstjórnar, 1. júní s.l. en kosið er árlega um þessi embætti. Aðalsteinn Sveinsson var kosinn oddviti og Árni Eiríksson varaoddviti.

Vinnuskólinn

Unglingar í vinnuskóla sveitarfélagsins hófu störf 6. júní s.l. undir stjórn þeirra Hauks Gíslasonar og Kolbrúnar Lilju Guðnadóttur.

Unglingarnir vinna frá kl. 9:00-16:00 mánudaga til fimmtudags. Þau hafa nú þegar áorkað heilmiklu til fegrunar og snyrtingar í sveitarfélaginu og má sem dæmi nefna að þau hafa gengið með helstu vegum sveitarfélagsins og týnt rusl.

Krakkarnir eru vinnusöm og dugleg of fá góða umsögn hjá flokkstjórum

Fréttir frá Krakkaborg

Júnímánuður var frekar kaldur en við förum samt í okkar sumarferðir og farið var í þrennu lagi að þessu sinni. Bangsar og yngstu Strumpar fóru í ferð á nýjum vagni sem Guðmundur smíðaði fyrir yngstu börnin og er hann með sætum, öryggisbeltum og góðri geymslu undir sætum. Algjörlega frábær vagn sem gerir yngstu börnunum betur kleift að fara í stuttar ferðir í nánasta umhverfi leikskólans. Við þökkum Guðmundi kærlega fyrir þennan glæsivagn.

Aðrir Strumpar og yngri Tígrar fóru í ferð að Kolsholti þar sem Kolla tók á móti okkur í blíðskaparveðri. Fórum við í skógarferð þar sem skógurinn var rannsakaður í bak og fyrir og sáum við meðal annars krummahreiður, fórum í hellaferð, Jeff kom og grillaði í okkur pylsur og allir fóru saddir og sælir í leikskólann aftur. Útskriftarhópurinn (elstu Tígrar) fóru svo í ferð að Úlfjótuvatni þar sem skátarnir tóku á móti þeim. Fyrst var farið í ratleik sem börnin leystu fljótt og örugglega og á endastöðinni fundu þau fjársjóðskistu með lukkutróllum í og fengu þau öll eitt lukkutróll hvert. Börnin fóru svo og gáfu hestunum á svæðinu brauð og þar voru einnig nokkur folöld sem var gaman að skoða. Leiktækin á svæðinu voru einnig óspart notuð og í hádeginu var boðið upp á grillaðar pylsur.

Slökkviliðið kom til okkar í júní og var slökkvibílnum lagt inn í garðinn okkar. Börnin prufuðu brunaslönguna og myndaðist löng biðröð en börnin kunna sko alveg að standa í röð þannig að það gekk hratt og vel fyrir sig. Þegar búið var að ganga frá slöngunni sprautuðu þeir úr stóru vatnsbyssunni á þakinu á bílnum við mikinn fögnuð barnanna og allir urðu rennandi blautir og kátir. Í lokin fengu svo elstu börnin viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku í samstarfsverkefninu „Logi og Glóð“ en þau hafa sinnt hlutverkum aðstoðarmanna slökkviliðsins í allan vetur og staðið sig með þryði.

Í júní byrjuðum við í útinámi sem stendur yfir í sumar og gerum við margt skemmtilegt þar. Í raun og veru fer sama starfið fram og hefur verið í vetur nema við færum okkur út til þess að njóta góða veðursins. Börnin fara í myndmennt, hreyfingu og tónlist úti, þar sem við notum sem mest af náttúruufni og náttúrufyrirbærum til að mála, fönbra, smíða, klifra, hoppa, skríða, hlaupa, búa til tónlist o.s.frv. Einnig förum við í göngutúra, skoðum og fræðumst um fugla, blóm og ýmislegt fleira.

Leikskólinn verður lokaður frá og með 1. júlí til og með 8. ágúst vegna sumarleyfa og opnar því aftur þriðjudaginn 9. ágúst.

Fyrir hönd starfsfólks Krakkaborgar færi ég elstu börnum leikskólans okkar bestu þakkir fyrir samveruna um leið og við óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni. Sumarkeðjur með von um að sumarið verði ykkur öllum sérlega gott og gleðiríkt. Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri.

Frá Flóaskóla

Í júní mánuði höfum við skólastjórnendur einbeitt okkur að uppgjöri skólaársins 2010-2011 og undirbúningi skólaársins 2011-2012. Það er alltaf nóg að gera og gott að þurfa ekki að kvarta yfir skorti á verkefnum ☺. Í mótun eru skólareglur og ýmsar vinnureglur og unnið er að lokaskipulagi valgreina í unglingadeild.

Verðandi nemendur í 9. og 10. bekk hafa fengið bréf frá skólanum vegna valgreina sem þeir eru beðnir um að fylla út og pósthleggja aftur fyrir 15. júlí. Stundaskrár bekkja verða settar á heimasíðuna í byrjun ágúst og nemendur fá svo sitt eintak útprentað við skólasetningu. Samkennsluhópum fækkar og nemendur í hverjum kennslubekk eru færri en sl. ár. Gengið hefur verið frá ráðningum nýrra kennara og staða skólaliða verður auglýst síðar í sumar. Nýir kennarar eru:

Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir, kennsla í ensku og upplýsinga- og tæknimennt.

Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, umsjónarkennari í 4. bekk.

Katrín Ósk Þráinsdóttir, umsjónarkennari í 2.-3. bekk.

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir, stundakennari í tónmennt.

Sigurbára Rúnarsdóttir, umsjón verkefna í stoðþjónustu.

Sigurður Gísli Guðjónsson, umsjónarkennari í 6.-7. bekk og íþróttakennsla.

Órvar Rafn Hlíðdal, stuðningsfulltrúi og stundakennari.

Við bjóðum þessa kennara velkomna til starfa og hlökkum til að eiga gott samstarf við þá næsta vetur. Skólaárið 2011-2012 verða Sigrún Helgadóttir og Þorbjörg Vilhjálmisdóttir í leyfi og Þóra Gylfadóttir áætlað að fara í fæðingarorlof í október.

Í könnun sem lögð var fyrir foreldra í vor var m.a. spurt um álit þeirra á innkaupum námsgagna sem skólinn hefur sinnt sl. 2 skólaár. Niðurstaðan var afgerandi, ríflega 90% svarenda segjast ánægðir með fyrirkomulagið en tveir svarendur segjast ekki ánægðir með það. Skólinn mun því áfram sjá um innkaupin og innheimta hóflegt gjald hjá foreldrum. Þeir sem ekki vilja taka þátt í þessu og vilja sjálfir útvega börnum sínum námsgögnin eru beðnir um að láta vita af því í byrjun ágúst og þá fá þeir jafnframt innkaupalista fyrir bekkina yfir það sem þarf að nota í skólanum.

Nú er unnið að lagningu gólfduka í nýju viðbyggingunni og að henni lokinni verða skólastofur og gangar máluð að nýju. Á anddyri verða settar upp skóhillur og snagar og er þá lokið við þá vinnu sem eftir sat sl. haust þegar við byrjuðum að nota nýja húsið. Framundan er töluverð vinna við þrif og frágang sem verður lokið þegar starfsmenn mæta aftur í haust.

Skólastjóri og deildarstjóra hefja störf aftur eftir sumarleyfi þann 3. ágúst og

Þá er hægt að ná í þá símleiðis eða með netpósti. Um leið og ég fer af stað út í sumarið sendi ég ykkur öllum bestu kveðjur og óskir um ánægjulega sumardaga.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, kristin@floaskoli.is / gsm 663-5720.

17. júní mót Umf. Samhygðar

Úrslit	Fæðingarár	60 m	Langstökk	Hringhlaup
Drengir				
Ágúst Þorsteinsson	2004	13,3 sek	2,08 m	
Ármann Baldur Bragason	2002	12,9 sek	2,46 m	1:51 min
Fannar Leví Magnússon	2005	15,0 sek	1,53 m	
Fróði Kristinsson	2005	14,5 sek	2,00 m	2:08 min
Jón Gunnþór Þorsteinsson	1998	11,0 sek	3,30 m	1:45 min
Kári Kristinsson	2001	12,9 sek	2,13 m	

Stúlkur

Melkorka Álfðís Hjartard. 2006 21,4 sek 1,38 m

Jón Gunnþór Þorsteinsson hlaut 17. júní bikarinn fyrir besta afrek sem var langstökk upp á 3,30 m.

Orðsending um vegamáll

Það er kunnara en frá að segja að víða má finna vegi lagða óbundnu slitlagi í Flóahreppi. Þrátt fyrir rykbindingu á köflum þyrlast mökkurinn upp undan ökutækjum vegfarenda í þurrkatíð, einkum ef ekið er geyst. Athuganir hafa sýnt að vegryk má minnka umtalsvert ef dregið er úr ökuhraða.

Sýnum vegunum og nágrönnum þeirra tillitssemi, ökum hægar, minnkum mökkinn!

Stóðhestur

Stóðhesturinn Flagari frá Votmúla 1 verður í girðingu í Lyngholti í sumar.

Aðaleinkunn Flagara er 8,15. Upplýsingar veitir Jón Valgeir í síma 892-9719.

Frá UMF Baldri

Íþróttæfingar í Einbúa

Íþróttæfingarnar halda áfram í allt sumar á þriðjudagskvöldum kl. 20:30-22:00. Eru allir krakkar hvattir til að mæta og hafa gaman í hoppum, fótbolta eða leikjum.

Útilega í Einbúa

Umf. Baldur mun mögulega standa fyrir útilegu líkt og var í fyrra sumar í Einbúa nú í júlí eða ágúst. Ekki er kominn dagsetning á viðburðinn en áhugasömum er bent á að fylgjast með á heimasíðu og Facebook-síðu félagsins.

Fréttir af starfinu

Grill og útreiðatúr í Einbúa

Sunnudaginn 5. júní síðastliðinn stóð Umf. Baldur ásamt skemmtinefnd félagsins fyrir útreiðatúr og skemmtidagskrá í Einbúa fyrir alla fjölskylduna. Farið var í leiki og grillaðar pylsur á tunnugrillinu sem Ungmennafélagið hefur eignast. Þó nokkrir mættu og höfðu gaman í finu veðri.

Hreinsunardagur í Einbúa

Þriðjudagskvöldið 14. júní var fyrstu íþróttæfingu sumarsins og hreinsunardeginum hinum árlega slegið saman. Var ágæt mæting á hvort um sig og náðist að gera Einbúann nokkuð snyrtilegan fyrir 17. júní. Í endann voru grillaðar pylsur og gos í boði handa öllum og mæltist það vel fyrir.

Hæ hó..... Það er kominn 17. Júní

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní var haldin hátíðlegur að venju í Einbúa með nokkuð hefðbundinni dagskrá. Fjallkona þetta árið var Ingunn í Hallanda, Séra Kristinn hélt stutta hátíðarhugvekju í 21. skipti, hátíðarræðumaður þetta árið var Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður og dýralæknir í Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi. Viðavangshlaup var þreytt og hlupu ungmenni á öllum aldri hring í Einbúa. Farið var í leiki svo sem þrautabraut, og reiptog. Að lokum var endað á kaffi í boði félagsins í aðstöðuskúrnum.

Ágætur fjöldi fólks mætti þrátt fyrir smá vætu rétt áður en dagskrá hófst en að venju klikkaði veðrið ekki í Einbúa, enda veðursæll staður og gerði frábært veður, þurrt og hlýtt, rétt áður en dagskráin hófst og hélst það þangað til henni lauk. Gaman væri þó að sjá fleiri íbúa í hinum forna Hraungerðishreppi mæta á þjóðhátíðardaginn í Einbúa.

Frá Umf. Vöku:

75 ára afmæli Umf. Vöku

Þann 19. júlí næstkomandi verður Umf. Vaka 75 ára. Á félaginu eru engin ellimerki enda hefur starf félagsins alla tíð verið fjölbreytt og lifandi. Í tilefni afmælisins ætlum við að gefa út veglegt afmælisrit sem koma mun út síðar á þessu ári. Allar hugmyndir að efni í blaðið eru vel þegnar og gott væri að geta leitað til félagsmanna um að fá myndir til að birta í blaðinu.

Hugmyndir og efni skal senda á netfangið fanneyo@emax.is eða á gamla mátann.

Umf. Vaka
Hurðarbak
801 Selfoss

Einstaklingum og fyrirtækjum stendur til boða að styrkja útgáfu blaðsins með frjálsum framlögum og geta þeir sett sig í samband við gjaldkera félagsins um þau mál.

Formaður

Úrslit af mótum í júní

Héraðsleikar HSK haldnir 11. júní á Selfossvelli

Unnsteinn Reynisson	Langstökk: 4. sæti 2,72 m. 60 m. hlaup: (tímataka misförst)
Sigurjón Reynisson	Langstökk: 15. sæti 1,76 m 60 m. hlaup: (tímataka misförst)
Hjalti Geir Jónsson	60 m hlaup: (tímataka misförst)
Kolbrún Katla Jónsdóttir	Kúluvarp: 2. sæti 4,33 m 60 m. hlaup: (tímataka misförst)
Freyja Kristín Guðjónsd.	Langstökk: 15. sæti 1,66 m. 60 m. hlaup: (tímataka misförst)

Héraðsmót HSK haldið á Selfossvelli 21. –22. júní

Haraldur Einarsson	100 m.: 1. sæti 11,53 sek. 400 m.: 1. sæti 51,42 sek. 200 m.: 1. sæti 23,46 sek.
--------------------	--

Bjarni Már Ólafsson þristökk: 1. sæti 13,31 m.

Boðlaupssveit Þjótanda

(Haraldur Einarsson, Tómas Karl Guðsteinsson, Bjarni Már Ólafsson og Kristinn Þór Kristinsson.

4x100 m.: 1. sæti 47,70 sek.

Fréttir frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Þrjónakvöld var haldið í Þjórsárveri 11. apríl og stóð til að kenna þeim sem vildu að baka pönnukökur en til þess kom þó ekki þar sem þær sem mættu kunnu þá list. Ágæt mæting var á þrjónakvöldið og alltaf gaman að koma saman.

28. apríl buðum við vinakvenfélagi okkar, þ.e. Kvenfélaginu Seltjörn á Seltjarnarnesi til okkar og komu 18 konur frá þeim. Við byrjuðum á að fara með konurnar í Tré og list, þar sem Ólafur og Bergþóra tóku vel á móti okkur og sagði Ólafur frá tilurð safnsins og helstu munum sem þar eru og konum til mikillar ánægju var Sigga á Grund einnig á staðnum. Voru konur mjög ánægðar með heimsóknina þangað og þökkum við innilega fyrir góðar móttökur. Að því loknu var farið í Þjórsárver þar sem konum var boðið upp á veitingar, mikið var spjallað og sýndu nokkrar kenfélagskonur frumsaminn leikþátt sem gerðist á kvenfélagsfundi og var því vel tekið. Þetta var einstaklega ánægjulegt kvöld og þökkum við öllum okkar konum fyrir bakstur og leik og vel heppnað kvöld. Mánudaginn 2. maí var svo komið að því að halda félagsmálanámskeiðið "Sýndu hvað í þér býr", en kennari á námskeiðinu var Sigurður Guðmundsson. Þetta var mjög fróðlegt og skemmtilegt námskeið og margt sem við lærðum í fundarsköpum. Mæting á námskeiðið var í lakari kantinum eða 9 manns en bæði voru félagar frá kvenfélaginu og umf. Vöku.

Vorfundur kvenfélagsins var haldinn í Vatnsholti, 1. júní og var mæting góð. Byrjað var á því að snæða gómsæta súpu, heimabakað brauð og salat hjá ferðabjónustubændunum Margrétu og Jóhanni Helga og færum við þeim okkar bestu þakkir fyrir góðar veitingar. Að því loknu var fundur settur. Dagskrá fundar var með hefðbundnum hætti, lesin fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt, Anna Fía Ólafsdóttir sagði stuttlega frá ársþingi SSk sem haldið var í Fossbúð á Skógum. Hulda Kristjánsdóttir formaður skemmtinefndar sagði frá fyrirhuguðum hátíðahöldum á 17. júní í samstarfi við umf. Vöku og sumarferð sem áætluð væri í júní, en fara ætti á Flúðir og yfir í Reykholt og leist konum vel á þá tilhögun. Síðan tók Margrét Ósk Ingjaldsdóttir í skemmtinefnd við og sagði frá fyrirhugaðri utanlandsferð kvenfélagskvenna. Ákveðið var að stefna að utanlandsferð þ.e. helgarferð, á næsta ári, en þá verður kvenfélagið 95 ára og koma tveir staðir til greina, þ.e. Brighton á Englandi og Berlín í Þýskalandi. Konum var nokkuð sama um hvor staðurinn yrði fyrir valinu og var ákveðið að skemmtinefnd tæki ákvörðun um það í samstarfi við stjórn.

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir sagði frá vel heppnuðu Fjöri í Flóa en um 280 manns mættu í morgunverðinum í Þingborg, yfir 200 manns komu í Þjórsárver á sunnudeginum og svipaður fjöldi kom í Félagslund á laugardeginum. Sem sagt vel heppnuð sveitahátíð sem er búin að festa sig í sessi. Nokkur önnur mál voru rædd og reifuð sem ekki varða talin upp hér. Að loknum stuttum fundi var haldin spurningakeppni í léttum dúr með 2 liðum og myndaðist bara góð stemning í

kringum hana.

17. júní hátíðahöld voru haldin með hefðbundnum hætti í Þjórsárverri, en veðrið setti kannski aðeins strik í reikninginn. Byrjað var með íþróttakeppni í umsjón Umf. Vöku, síðan var kvenfélagið með leiki eins og venjan er. Fjallkonan í ár var Erna Jóhannesdóttir í Heiðargarði og að lokum var sest að kaffihlaðborði.

Sumarferð kvenfélagsins var farið fimmtudaginn 23. júní og var að venju í umsjón skemmtinefndar. 20 konur fóru í ferðina sem var í alla staði vel skipulögð og skemmtileg. Byrjað var á því að heimsækja Valgerði og Guðjón á Húsatóftum, skoðaðar voru landnáms hænur, fasanar, gæsir og matjurtagarður. Síðan var ekið að Flúðum þar sem farið var í heimsókn í Silfurtún og skýrður út fyrir okkur gangur jarðarberjaræktunar og fengum við að tína upp í okkur jarðarber eins og við vildum, og því líkt sælgæti!! Að því loknu var farið á garðyrkjustöðina Mela og hjónin Guðjón og Helga tóku vel á móti okkur. Byrjað var á því að ganga um garðinn þeirra sem er mjög fallegur, síðan vorum við leiddar inn í tómatahúsin, og skýrt út fyrir okkur ferlið við tómatarækt og fengum við síðan að smakka á þeim 4 gerðum af tómotum sem þau rækta og voru þeir mjög gómsætir. Síðan var haldið á golfvöllinn á Efra Seli þar sem við fengum brauð og hjónabandssælu eins og hver vildi, skoðuðum lítið gallerý sem þau eru búin að setja á stofn þar í gamla fjósinu. Að því loknu var komið að því að fara í Reykholt, þar byrjuðum við á því að skoða myndlistarsýningu hjá Sigurlínu Kristinsdóttur af hestum, en sýningin er í hesthúsi, þaðan var farið í Bjarkarhól í Reykholti, farið í verslun sem þar er, með garn, snyrtivörur, skart og fleira og gleymdu konur sér alveg við að skoða það sem þar var. Að því loknu var farið á Kaffi Klett og þar snæddur dýrindis kvöldverður í góðum hópi kvenna og Guðmundar í Súluholti sem keyrði okkur að venju. Komið var svo heim um kl. 22. og voru konur mjög ánægðar með skemmtilega ferð.

f.h. Kvenfélags Villingaholtshrepps,
Sólveig Þórðardóttir ritari

Ungkálfar óskast

Við í Hraungerði óskum eftir að fá keypta ungkálfa, bæði naut- og kvígukálfa.

Upplýsingar í síma 899 9623, Guðmundur og 864 2621, Stefán.

17. júnímót Umf. Vöku 2011. Úrslit

Kúluvarp stúlkna

1. Martha Brynjólfadóttir	3,70 m.
2. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	3,40 m.
3. Elizabeth Karen Bogans	2,83 m.

Kúluvarp drengja

1. Þorgils Kári Sigurðsson	9,63 m.
2. Ægir Atlason	8,45 m.
3. Ýmir Atlason	6,99 m.
4. Sigurður Jefferson Bogans	6,04 m.
Sindri Freyr Guðmundsson	5,48 m. (gestur)
5. Dagur Fannar Einarsson	4,71 m.
6. Unnsteinn Reynisson	4,55 m.
7. Sæþór Atlason	4,18 m.
8. Daði Kolviður Einarsson	2,35 m.

Langstökk stúlkna

1. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	1,94 m.
2. Elizabeth Karen Bogans	1,88 m.
3. Martha Brynjólfadóttir	1,85 m.

Langstökk drengja

1. Þorgils Kári Sigurðsson	4,08 m.
2. Ægir Atlason	4,07 m.
3. Ýmir Atlason	3,82 m.
4. Dagur Fannar Einarsson	2,98 m.
5. Unnsteinn Reynisson	2,91 m.
6. Sigurður Jefferson Bogans	2,82 m.
7. Sæþór Atlason	2,70 m.
Sindri Freyr Guðmundsson	2,63 m. (gestur)
8. Sigurjón Reynisson	2,09 m.
9. Daði Kolviður Einarsson	1,77 m.

400 m. hlaup stúlkna.

1. Martha Brynjólfadóttir	2:24 mín.
2. Elizabeth Karen Bogans	2:31 mín.
3. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	2:43 mín.

400 m. hlaup drengja

1. Þorgils Kári Sigurðsson	1:19 mín.
2. Ægir Atlason	1:34 mín.
3. Ýmir Atlason	1:35 mín.
4. Dagur Fannar Einarsson	1:48 mín.
5. Sæþór Atlason	1:53 mín.
6. Unnsteinn Reynisson	2:03 mín.

7. Sigurður Jefferson Bogans	2:04 mín.
8. Sindri Freyr Guðmundsson	2:07 mín. (gestur)
9. Sigurjón Reynisson	2:30 mín.
10. Daði Kolviður Einarsson	2:43 mín.

60 m. hlaup stúlkna

1. Martha Brynjólfsdóttir	12,8 sek.
2. Elizabeth Karen Bogans	13,9 sek.
3. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	14,9 sek.
4. Ólöf Vala Heimisdóttir	20,5 sek.
5. Hugrún Svala Guðjónsdóttir	48,0 sek.

60 m. hlaup drengja

1. Ægir Atlason	9,2 sek.
2. Þorgils Kári Sigurðsson	9,5 sek.
3. Ýmir Atlason	10,7 sek.
4. Dagur Fannar Einarsson	10,8 sek.
5. Sigurður Jefferson Bogans	11,5 sek.
Sindri Freyr Guðmundsson	11,5 sek. (gestur)
6. Unnsteinn Reynisson	11,6 sek.
7. Sæþór Atlason	11,7 sek.
8. Sigurjón Reynisson	15,2 sek.
9. Daði Kolviður Einarsson	17,0 sek.

Heildarstigakeppni

Stúlkur:

1.	Martha Brynjólfsdóttir	14 stig
2.-3.	Elizabeth Karen Bogans	11 stig
2.-3.	Freyja Kristín Guðjónsdóttir	11 stig

Drengir:

1.	Þorgils Kári Sigurðsson	15 stig
2.	Ægir Atlason	13 stig
3.	Ýmir Atlason	8 stig

Vökumaður keppti fyrir Íslands hönd

Evrópubíkarkeppni landsliða, 3. deild var haldin á Laugardalsvelli dagana 18.-19. júní sl. Í liði Íslands var einn Vökumaður en það var Haraldur Einarsson sem hljóp 1. sprett í 4x400 m boðhlaupi. Sveitin varð í 6. sæti í hlaupinu. Óskum við Haraldi til hamingju með landsliðssætið og óskum honum góðs gengis á komandi mótum.

Frá Búbót bændaverslun í Gömlu-Þingborg

Við þökkum fyrir góðar kveðjur og móttökur vegna opunar Búbótar. Núna höfum við til sölu nautakjöt, svínakjöt, bleikju, reyktan lax, kornvörur, grænmeti, egg, sultur og sælgæti. Um er að ræða upprunamerktar vörur úr næsta nágrenni. Búðin er opin á fimmtudögum frá 16:00-19:00, föstudaga 14:00-19:00, laugardaga og sunnudaga frá 12:00-18:00 eða eftir samkomulagi. Verslum í heimabyggð.

Með bestu kveðju, Gauti og Guðbjörg á Læk

Dagskrá mánaðarins

Ípróttæfing í Einbúa	5. júlí
Ípróttæfing við Þjórsárver	5. júlí
Timburhólagrill	8. júlí
Gönguferð Umf. Vöku	10. júlí
Ípróttæfing í Einbúa	12. júlí
Ípróttæfing við Þjórsárver	12. júlí
Ípróttæfing í Einbúa	19. júlí
Ípróttæfing við Þjórsárver	19. júlí
Ípróttæfing í Einbúa	26. júlí
Ípróttæfing við Þjórsárver	26. júlí

Munið frjálsípróttæfingar Samhygðar og Vöku á þriðjudagskvöldum kl. 19-20 á ípróttavellinum við Þjórsárver.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160